

## 5. fundur stjórnar landssambands DKG

Haldinn fimmtudaginn 26. mars 2020, kl. 19.30-20.30 á Skype.

Mættar: Aníta, Ingibjörg, Guðrún, Jónína, Jóna, Eygló og Theodóra

Dagskrá:

### 1) Fundargerð síðasta fundar

Aníta les fundargerð síðasta fundar.

### 2) Vorpíngið

- Rætt um hvort halda eigi vorpíngið. Umræður leiða til þess að skynsamlegast sé að hætta við vorpíngið að svo stöddu, miðað við óvissu vegna Corona Virus. Hugleiðingar um hvort við getum frestað þinginu fram á haustið og stefnt að því að halda það 12. september í Borgarnesi og halda framkvæmdaráðsfundinn 11. september. Athuga þarf með hótelið, hvort hægt sé að færa bókanirnar. Um leið og ljóst verður hvort hótelið getur tekið á móti okkur á þessum tíma verður send út tilkynning um að þinginu verði frestað þar til í september.
- Dagskrá frá menntamálanefnd rædd. Ljómandi fín dagskrá sem send verður út um leið og ljóst er hvernig mál þróast.
- Umræðu og ákvörðunum vegna þátttökugjalds frestað þangað til mál skýrast.

### 3) Framkvæmdaráðsfundur verður haldin í tengslum við þingið í haust.

### 4) Frá síðasta fundi:

- Greiðsla ferðakostnaðar – uppgjör  
Ferðastyrkirnir hafa verið greiddir út. Enn eigum við á ráðstefnureikningnum um 85.000 sem greiddur verður inn á reikning DKG og ráðstefnureikningnum lokað í kjölfarið.
- Endurskoðun handbókar.  
Aníta hringir í Eyðísi og athugar hver muni taka þátt í þessari vinnu frá þeim og hvenær þær hyggjast hefja þessa vinnu.

### 5) Gátlistar fyrir formenn – skipt í árshelminga

Gátlistarnir tilbúnir til þess að setja inn á heimasíðuna. Aníta kemur listunum til Eyglóar sem setur þær á vefinn. Athuga hvort ekki sé örugglega fjallað um íslenska námsstyrkjasjóðinn í gátlistunum.

### 6) Útfylling forms fyrir alþjóðasamtökin

Spurningum svarað sameiginlega og Ingibjörg mun senda svörin inn.

### 7) Fréttabréf forseta – deildafundur-þingið-gátlistar-innheimta félagsgjalda

Ingibjörg segir frá efni fréttabréfsins. Hún ræðir sérstaklega um ákvarðanir deilda vegna funda nú í vor í „ástandinu“. Það er í raun ákvörðun hverrar stjórnar að ákveða hvernig þessum málum verður háttað. Formenn deilda sitja til 1. júlí svo það liggur ekki á að kjósa nýjar stjórnir strax.

### 8) Næsti stjórnarfundur ákveðin þriðjudaginn 31. mars kl. 19:30

**9) Önnur mál**

- a. Rætt um gjöf til Vigdísar Finnbogadóttur í tilefni 90 ára afmælis hennar. Rætt um að gjöfin verði í formi styrks til barna á Íslandi. Ingibjörg mun hafa samband við Barnaheill og spyrjast fyrir um hvernig hægt er að styrkja samtökin og hvort Vigdís Finnbogadóttir, verndari Barnaheilla geti haft áhrif á í hvað styrkurinn fer.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir